

AUGLÝSING

um

1

14. mars

breyting á 5. og 15. gr. reglugjörðar nr. 67, 11. nóvember
1905, fyrir gagnfræðaskólann á Akureyri.

Samkvæmt þegnlegum tillögum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins hefir Hans hátign konunginum 28. desbr. 1922 allramildilegast þóknast að staðfesta eftirfylgjandi breytingu á reglugjörð fyrir gagnfræðaskólann á Akureyri.

3. liður 5. gr., tvær fyrstu málsgreinar hljóði þannig:

Daglegar einkunnir skal ekki gefa í skólanum, en hver kennari skal gefa nemendum einu sinni á ári, í lok aprílmánaðar, einkunn fyrir ástundun og kunnáttu í þeim greinum, er hann kennir.

1. liður 15. gr. hljóði þannig:

Til þess að verða tekinn í 1. bekk verður nemandinn að ganga undir próf, er sýni, að hann hafi þá kunnáttu og þroska, er á eftir segir, enda má engum veita inntöku í 1. bekk nema hann hljóti við inntökupróf eigi lægri aðaleinkunn en 4 — fjóra —, þó getur skólameistari veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef nemandinn fær lofsamlegan vitnisburð (einkunn) fyrir íslenska ritgerð eða skriflega stærðfræði.

15. gr. 2 hljóði þannig:

Skriflegt íslenskupróf sje tvöfalt. Öðru prófinu er ætlað að sýna stafsetningarkunnáttu nemanda. Skal því hagað þannig, að nýsveinar eru rita látnir 30—40 vandrituð orð, allir sömu orðin. Gefin skal sjerstök einkunn fyrir leikni í stafsetning. Annað próf í skriflegri íslensku á að sýna hugsunarþroska nemanda og hve lagið þeim er að koma orðum og vönduðu máli að hugsun sinni. Í því skyni eru þeir semja látnir stutta ritgerð um efni eða spurning, er með sanngirni má ætlast til að sémilega þroskaður 14 ára íslenskur unglingur geti gert sjer nokkra grein fyrir. Sjerstök einkunn skal gefin fyrir þessa ritgerð.

Þetta birtist hjermeð til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 14. mars 1923.

Sig. Eggerz.

Sigf. M. Johnsen.